

Bæjarstjórn Garðabæjar,
Gunnar Einarsson,
Garðatorgi 7,
210 Garðabær.

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.10.2015
Málalýkill	
Mál nr.	1510132



Reykjavík 08.10.2015

Efni: Erindi Íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar

Við hjá Íbúðalánasjóði erum um þessar mundir að hafa samband við sveitarfélög þar sem sjóðurinn á fasteignir og bjóða þeim til viðræðna um að kaupa eignirnar af sjóðnum.

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er m.a. að stuðla að því með lánveitingum að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Við viljum bjóða sveitarfélögunum til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins með það í huga að nýta þær t.d. fyrir félagsleg úrræði sveitarfélaga þar sem það á við. Sjóðurinn hefur að bjóða sérstök lánakjör fyrir sveitarfélögin vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi.

Við gerum okkur grein fyrir að þörf sveitarfélaga er misjöfn en við viljum gjarnan ræða við sveitarfélögin um leiðir til að nýta eignirnar sem best.

Í sveitarfélaginu á Íbúðalánasjóður samtals 8 eign/ir og er nýting þetta með eftirfarandi hætti;

Í leigu 3 eign/ir
Í sölu 4 eign/ir
Í skráningu og annað 1 eign/ir

Rétt er að taka fram að hér eru ekki meðtaldar þær eignir sem dótturfélag Íbúðalánasjóðs, Leigufélagið Klettur ehf. kann að eiga í sveitarfélaginu.

Vinsamlega hafið samband við Hildigunni Hauksdóttur aðstoðarmann forstjóra í síma 569-6900 eða með því að senda póst á netfangið hildigunnur@ils.is með það í huga að festa fundartíma.

Bestu kveðjur,

Hermann Jónasson, forstjóri